



Reglur um ferðastyrki SÍK

Reglur um úthlutun ferðastyrkja íþróttaráðs.

1. Ferðastyrkir vegna æfinga- og/eða keppnisferða eru veittir til íþróttafélaga í Kópavogi vegna iðkenda þeirra. Íþróttafélög sem bjóða upp á íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar í Kópavogi geta einnig sótt um styrk til íþróttaráðs vegna iðkenda sem **eiga lögheimili** í Kópavogi.
2. Umsókn um ferðastyrk fyrir iðkendur þarf að berast formlega frá íþróttafélagi, deild félags eða sérsambandi til starfsmanna SÍK. Styrkir eru ávallt greiddir að ferð lokinni gegn framvísun afrits af flugfarseðli/farseðlum.
3. Skrifstofa SÍK tekur við umsóknum á netfangið sik@kopavogur.is og er mikilvægt að viðeigandi gögn fylgi umsókn. Hægt er að senda inn umsóknir um ferðastyrki allan ársins hring en þó eru þær ekki afgreiddar fyrr en í janúar árið eftir.
4. Samkvæmt vinnureglum SÍK um ferðastyrki;
 - er styrkur kr. 5.000,- á iðkendur í æfinga- og keppnisferðir, óháð fjölda.
 - Hins vegar ef um er að ræða ferðir með landsliðsliðum eða ferð á Ólympíuleika og Smáþjóðaleika eða Heimsmeistara-, Evrópumeistara-, Norðurevrópumeistara-, og/eða Norðurlandameistaramót, er styrkur kr. 10.000,- á iðkenda, óháð fjölda.
 - Greiði sérsamband eða aðrir aðilar fyrir ferð viðkomandi fellur styrkur frá SÍK niður.
 - SÍK getur endurskoðað styrkuppþæðir á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar.
5. Iðkandi getur fengið að hámarki greitt fyrir 3 ferðir á ári sé **ekki** um landsliðsferðir að ræða.
6. Ekki eru greiddir ferðastyrkir fyrir ferðir innanlands.

Umsóknarfrestur fyrir liðið ár er 15. janúar ár hvert. Úthlutað er einu sinni á ári úr sjóðnum.